

Eilífðarvélín - uppgjör við nýfrjálshyggjuna

Ritstjóri: Kolbeinn Stefánsson

Bókarheiti: Eilífðarvélín - uppgjör við nýfrjálshyggjuna

Gagnrýnandi: Jóhannes Hraunfjörð Karlsson

Útgáfa: Háskólaútgáfan, Reykjavík 2010, 268 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „*Bókin fjallar ekki um bankahrunið eða þátt nýfrjálshyggjunnar í því, heldur ... sýna höfundar fram á að nýfrjálshyggjan er algild hugmyndafræði, rétt eins og sovét-kommúnismi. Samfélag nýfrjálshyggjunnar er samfélag án félagslegra gilda. Í nafni frelsisins færir stefnan flestar ákvarðanir frá lýðkjörnum fulltrúum til einstaklingsins sjálfs. Fyrir vikið verða engin sameiginleg gildi í þjóðfélaginu, ekkert samfélag, heldur eingöngu samansafn einstaklinga sem hver ákveður fyrir sig hvernig hann vill lifa.*“

GANGVIRKI FRJÁLSHYGGJUNNAR

Eilífðarvélín – uppgjör við nýfrjálshyggjuna í ritstjórn Kolbeins Stefánssonar, sérfræðings við Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands, er rammpólitískt rit sem á eftir að vekja miklar umræður. Bókin fjallar ekki um bankahrunið eða þátt nýfrjálshyggjunnar í því, heldur er markmiðið að gefa lesendum skýrar hugmyndir um það hvað nýfrjálshyggja er og hvernig hún reynist í framkvæmd. Bókin skiptist í níu kafla og ritar Kolbeinn fyrsta og síðasta kaflann. Fyrsti kaflinn er í reynd inngangur að bókinni. Þar rekur Kolbeinn kveikjuna að því að hann réðst í verkið, skilgreinir hugtök og fjallar almennt um viðfangsefnið. Í síðasta kafla bókarinnar dregur hann saman helstu niðurstöður hinna fræðimannanna og setur þær í innbyrðis samhengi. Jafnframt sýnir hann fram á það hvernig nýfrjálshyggjan hefur smitað alla pólitíska umræðu á Íslandi síðustu tvo áratugi.

Hina sjö kaflana skrifa valinkunnir sérfræðingar, hver á sínu sviði, í þessari röð:

– Sveinbjörn Þórðarson, doktorsnemi í vísindaheimspeki við London School of Economics, rekur hugmyndasögu nýfrjálshyggjunnar. Hann bendir á fátt nýtt sé í stefnunni, heldur sé hér um að ræða gamalt vín á nýjum belgjum þegar hann rekur hugmyndasöguna frá Hobbes og Locke til þeirra Hayeks og Friedmans. Meginniðurstaða hans er að nýfrjálshyggjan sé í grundvallaratriðum ósamræmanleg hefðbundinni íhaldsstefnu. Hún stangast á við lífrænar og sögulegar hugmyndir Burkes um samfélagið og við þá hugmynd að hefðin og sagan geti réttlætt stefnur og stjórnskipan. Þess í stað byggist hún á rökhyggju sem vísar í afmarkaðar kenningar um mannseðlið. Sveinbirni finnst býsna kaldhæðnislegt hve kenningar nýfrjálshyggjunnar hafa orðið ráðandi á hægri vængi nútímastjórn mála.

– Pär Gustafsson, sérfræðingur við Linneausháskóla í Svíþjóð, fjallar um atferlisforsendur nýklassískar hagfræði. Hann spyr hvaðan hagfræðingar hafi forsendur sínar um mannlegt eðli og hvers vegna þær séu varasamar frá sjónahóli félagsvísinda. Gustafsson segir hagfræðinga gefa sér þrjá þætti um mannlegt atferli: skynsemi, eiginhagsmuni og félagslegt tómarúm. Út frá félagsvísindunum telur hann hagfræðinga hafa víkkað fræðasvið sitt um of. Mannskepnan sé ekki homo economicus.

– Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, fjallar um samfélagslega ábyrgð í viðskiptalífinu. Salvör beinir spjótum sínum að frægri grein Miltons Friedmans: „The Social Responsibility of Business is to Increase Its Profits,“ sem kom út árið 1970. Hún ver hugmyndir Adams Smiths en meginniðurstaða hennar er sú að einhliða kenningar eða útskýringar á heiminum og hugsanakerfi sem skortir siðferðilega vídd eru vísar til að leiða okkur á villigötur.

– Mia Vabø, starfar hjá NOVA í Ósló, sem er norsk velferðarstofnun, skrifar um stjórnunarhætti nýfrjálshyggjunnar og birtingarmynd þeirra í opinberum rekstri. Hún sýnir fram á tengsl nýfrjálshyggjunnar við nýskipan í opinberum rekstri og að megináherslan hafi verið lögð á skilvirkni á kostnað gilda á borð við sanngirni, jöfnuð, eðlilega málsmeðferð og þátttöku almennings. Meginniðurstaða hennar er að þessir stjórnarhættir hafi ekki aukið frelsi stjórnenda, heldur hafi þeir aukið regluverk og þörf á eftirliti. Jafnframt hafi ábyrgð stjórnenda orðið óljós.

– Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, birtir samanburð á norræna velferðarkerfinu og engilsaxneska módelinu. Samanburðurinn nær til 39 mikilvægra þátta líf skjara. Niðurstöður Stefáns sýna að norrænu þjóðirnar ná á flestum sviðum mun betri líf skjörum almennings en enskumælandi þjóðirnar.

– Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, fjallar um kerfis- og bankahrunið 2008 út frá kyngervinu, en hugtakið vísar til samspils hugtakanna „kyns“ og „gervi“, og hins samfélagslega gervis og kyns þess sem það ber. Kyngervi er hinn félagslega mótaði munur á konum og körlum og byggist á menningarlegum hugmyndum um kvenleika og karlmennsku. Þorgerður færir rök fyrir því að nýfrjálshyggja hafi sterka en oft óorðaða kynjavídd og hafi kynbundin formerki og kynbundnar afleiðingar, hvort sem horft er til nýfrjálshyggju sem hagstjórnarstefnu, pólitískrar hugmyndafræði eða menningarástands.

– Giorgio Baruchello, prófessor við Háskólann á Akureyri, skrifar um verðmætamat og tilgang efnahagslífsins. Þar bendir hann á þann umhverfisskaða sem kapitalisminn hefur valdið og hvernig náttúruvernd og skilgreining á verðmætum rekst illa sama í umræðunni. Með öðrum orðum, að þau verðmæti sem mölur og ryð fá ekki grandað teljast ekki til verðmæta því þau mælast illa eða það sé svo dýrt að vernda náttúruna. Nálgun Baruchellos byggist á kenningum kanadíska heimspekingsins McMurtrys, sem eru um margt nýstárlegar. Þær fela hins vegar ekki í sér höfnun á markaðshagkerfum sem slíkum heldur því að markaðir eigi að þjóna mannlegum þörfum og samfélagslegum hagsmunum. Hverjar þessar þarfir eru er hins vegar það sem ágreiningur er um.

Höfundar fengu tvenn fyrirmæli frá ritstjóra um hvernig þeir skyldu nálgast efnið. Þau fyrri voru þau að fræðilegs hlutleysis skyldi gætt, en seinni fyrirmælin voru þau að textinn skyldi vera á þægilegu máli. Hvorutveggja tekst ágætlega. Bókin er mjög læsileg og höfundar sýna m.a. fram á að nýfrjálshyggjan er algild hugmyndafræði, rétt eins og sovét-kommúnismi. Samfélag nýfrjálshyggjunnar er samfélag án félagslegra gilda. Í nafni frelsisins færir stefnan flestar ákvarðanir frá lýðkjörnum fulltrúum til einstaklingsins sjálfs. Fyrir vikið verða engin sameiginleg gildi í þjóðfélaginu, ekkert samfélag, heldur eingöngu samansafn einstaklinga sem hver ákveður fyrir sig hvernig hann vill lifa. Svona eins og hver horfir á sína sjónvarpsstöð, eitthvað sem á vonandi eftir að vekja umræður.

Nýfrjálshyggjan hefur verið ráðandi hugmyndfræði undanfarin ár. Fyrir vikið hafa margir gengist henni á hönd, án þess að gera sér almennilega grein fyrir því. Það er því mikill fengur að þessari bók. Hins vegar hefðu undirkaflar mátt koma fram í efnisyfirlitinu. Slíkt auðveldar lesandanum lesturinn og gerir alla leit í bókinni mun þægilegri.